

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974:

Loðnumjöl, \$ 8.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 372.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 87.00.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá verðgrunni þessum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

25. janúar 1974.

Nr. 33.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 16.96 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 4.96 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 2 515.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 74.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun:

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 16.96 hver kWst. til ljósa og kr. 3.98 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 3.23 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 25.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértexti Sundlaugar Akureyrar, kr. 3.21 á kWst. og fastagjald, ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 8.20 hver kWst. til iðnaðar.
- C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 706.00 hver kW upp að 50 kW og kr. 1.39 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.
- C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 400.00 hver kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.30 hver kWst., sem er umfram 200 000 kWst.
- C—4 Kr. 4.81 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
- C—5 Kr. 5.04 hver kWst., fyrir búrekstur.
- C—6 Sértaxti Gefjunar kr. 0.63/0.56 hver kWst. og kr. 5 118.00 hvert kW.
- C—7 Sértaxti Iðunnar. Gufuketill kr. 0.61 hver kWst.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 1.19 hver kWst. til upphitunar ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- D—2 Kr. 1.61 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—3 Kr. 0.93 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- D—4 Kr. 0.69 hver kWst. til upphitunar (næturhitun) ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar kr. 0.70 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
- D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar kr. 0.61 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 2.20 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnótun 10 000 kWst. á ári.
- E—2 Kr. 2.83 hver kWst. um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
- E—3 Kr. 1.39 hver kWst. um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- E—4. Kr. 1.65 hver kWst. til súgþurrkunar.
- F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar kr. 1.50 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	35—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	249.00	306.00	334.00		
3-fasa kWst.-mælar	421.00	644.00	831.00	1 384.00	3 044.00
Tvígjalds og mestastr.mælar .		831.00	1 384.00	2 228.00	4 463.00
Skiptirofar/skiptiklukkur ...	1 063.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar 8. jan. 1974. Sölu-skattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 107 26. mars 1973 með síðari breytingum.

Íðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI**RAFORKUSALA**

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

A.1. Til lýsingar: Um kWst.-mæli á kr. 3.92 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 6.42 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.